



BORGARSKJALASAFN REYKJAVÍKUR

Einkaskjalasafn nr. 444

Eva Björnsson (fædd Borgen)

Dagný Valgeirsdóttir

Skjalaskrá

Borgarskjalasafn Reykjavíkur, Tryggvagötu 15, 101 Reykjavík
www.borgarskjalasafn.is / borgarskjalasafn@reykjavik.is

Einkaskjalasafn nr. 444

Eva Björnsson (fædd Borgen) Dagný Valgeirsdóttir (dóttir)

Dagný Valgeirsdóttir fæddist í Reykjavík 31. janúar 1924. Hún lést á Landakotsspítala 22. janúar 2010. Foreldrar hennar voru hjónin Valgeir Björnsson, f. 9. september 1894, d. 16. júní 1983, og Eva Björnsson, f. Borgen í Christiania (Oslo), Noregi, þann 12. júlí 1898, d. 3. júní 1984. Dagný var elst fjögurra systkina.

Dagný ólst upp í foreldrahúsum á Laufásvegi 67 í Reykjavík. Hún varð stúdent frá Menntaskólanum í Reykjavík 1943. Veturinn '45-'46 dvaldist hún hjá ættingjum sínum í Noregi og lagði stund á listnám. Veturinn '46-'47 sótti hún húsmæðraskóla í Sorø í Danmörku. Eftir heimkomuna vann hún á Röntgendeild Landspítalans um árabíl. Dagný lauk kennaranámi 1961 og kenndi við Austurbæjarskólann til starfsloka. Dagný hafði mikinn áhuga á myndlist og tónlist og sótti myndlistarsýningar og tónleika sér til yndisauka meðan heilsan leyfði.

Saga Dagnýjar Valgeirsdóttur er samofin sögu Austurbæjarskóla. Hún fæddist 1924, árið sem Sigurður Guðmundsson vann frumdrög nýs barnaskóla er valinn hafði verið staður á Skólavörðuholti nærri fyrirhugaðri háborg íslenskrar menningar. Faðir Dagnýjar, Valgeir Björnsson bæjarverkfræðingur, vann náð með byggingarnefnd þessa skóla er átti eftir að verða einn glæsilegasti sinnar tegundar á Norðurlöndunum. Sjá nánar vefsíðu á slóðinni http://www.mbl.is/mm/mogginn/netminningar/minning.html?netm_id=94925

Afhent af Rannveigu Hallvarðsdóttur bróðurdóttir Dagnýjar

Skjalaskrá

Askja 1

Afrit af prófskírteinum 1924 og 1943, 45 ára stúdentsafmæli, textar, 3 símskeyti 1989 og kort, myndaalbúm og sýningarskrár 1952-1979.

Askja 2

Sýningarskrár 1980-1987.

Askja 3

Sýningarskrár 1984-1988, tónleikaskrár 1967-1983, leikskrá Norræna félagsins, Leikkvöld Menntaskólans 1939, Leikfélags Menntaskólans við Hamrahlíð 1979, Leikfélags

Hafnarfjarðar o.fl., Forðum í Flosaþorti 1940, Anno 1941, Norrænt stúdentamót 1949,
Þjóðhátíð á Þingvöllum 1974 o.fl.

Byggingarlistin 1956.

19. júní árið 1954.

Blix de 5 årene. Gyldendal Norsk forlag.

Skráð í ágúst 2011,
Jakobína Sveinsdóttir